

LÖG**um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. tölul. bráðabirgarðákvæðis laganna:

a. Í stað ártalsins „1992“ í 1. másl. kemur: 1993.

b. Í stað orðanna „1. janúar 1993“ í 4. másl. kemur: 1. janúar 1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1992.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

29. desember 1992

Nr. 111

LÖG**um breytingar í skattamálum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðinu „fengnum“ í 1. másl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: niðurfærslum skv. 31. gr. og.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 2. tölul. kemur: 10.

b. 4. tölul. stafliðarins fellur niður.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „gengistöp“ í 1. másl. 1. tölul. komi orðið: niðurfærslu.

b. Í stað hlutfallstölunnar „15“ í 8. tölul. kemur: 10.

c. 11. tölul. greinarinnar fellur niður.